

kall, sem eigi hefir heimildar-skjöl til fyrnefnds ítaks, eigi taki 1873.
að sèr ábyrgð nokkra, ef að því kemur að heimildin verði rengd. 25. oktbr.

Þetta gefum vèr yður, herra landshöfðingi til vitundar, yður
til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það,

**87. Brèf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans 30. oktbr.
yfir Íslandi, um uppgjöf á brennivínsgjaldi.**

Útaf bænaraskrá nokkurri, þar sem skipstjóri *P. C. Herold* sækir um, að sèr verði goldnir aptur 12 rd. 40 sk., er hann sem skipstjóri á jagtinni *Haabet* frá *Rønne* hafi borgað í júní f. á. á Vopnafirði í norður- og austurumdæmi Íslands, sem gjald af 120 pottum af brennivíni, 20 pottum af rauðvíni og 6 heilum og 6 hálfum flöskum af víni, — en drykkjarföng þessi voru ætluð handa skipverjum sjálfum, en þess eigi getið á tollskránni —, hefir dómsmálastjórnin í dag veitt það, sem sókt var um, og gjört ráðstöfun til, að tèð upphæð verði borguð hlutadeiganda af aðalféhirzlunni hèr í borginni og talin með útgjöldum jarðabókarsjóðsins.

Þetta gefst yður, herra landshöfðingi, hèrmeð til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það sýslumanni Böving og skýrið honum frá, að honum beri eigi innheimtulaun þau af fyrnefndum 12 rd. 40 sk., sem ákveðin eru í 10. gr. í tilsk. 26. febr. f. á.; því skal og við bætt og stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum, að telja þetta fè með tekjum aðalféhirzlunnar í reikningum jarðabókarsjóðsins.